

## Reglugerð fyrir Lista- og menningarsjóð Sveitarfélagsins Ölfuss

1. gr.  
Sjóðurinn heitir Lista- og menningarsjóður Sveitarfélagsins Ölfuss og er eign Sveitarfélagsins Ölfuss.
2. gr.  
Menningarnefnd Sveitarfélagsins Ölfuss hefur með höndum daglega stjórn sjóðsins í umboði bæjarstjórnar.
3. gr.  
Markmið sjóðsins er:  
-að efla hverskonar menningarstarfsemi, list og listiðnað í Sveitarfélaginu.  
-að veita styrki til sérstakra verkefna á sviði menningarmála sem tengjast Sveitarfélaginu á einn eða annan hátt.
4. gr.  
Árlegt framlag úr bæjarsjóði er samkvæmt fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins ár hvert auk frjálsra framlaga og vaxtatekja af frjálsum framlögum.
5. gr.  
Menningarnefnd, að höfðu samráði við menningarfulltrúa, afgreiðir umsóknir um alla styrki til menningarmála fyrir hönd bæjarstjórnar. Styrkjum skal úthlutað einu sinni á ári. Auglýst skal í staðarblöðum í september ár hvert og skal umsóknarfrestur vera einn mánuður frá birtingu auglýsingarinnar. Umsóknum skal skilað til menningarfulltrúa.
6. gr.  
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss skal annast fjárreiður sjóðsins og reikningshald. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af skoðunarmönnum ársreikninga Sveitarfélagsins Ölfuss og skulu þeir prentast ásamt reikningum bæjarsjóðs.
7. gr.  
Markmið verkefna og áætlanir um framkvæmd þeirra skulu vera skýrar og raunhæfar hvað varðar kostnað, tímasetningar og kröfur til ábyrgðarmanna. Listrænt og/eða fræðilegt gildi verkefnisins þarf að vera ljóst. Sýnt skal fram á að styrkurinn sé líklegur til að efla menningarstarfsemi í Sveitarfélaginu.
8. gr.  
Styrkurinn afhendist að verkefni loknu að fenginni greinagerð um verkefnið. Styrkur fellur niður verði verkefnið ekki unnið innan tveggja ára frá úthlutun.
9. gr.  
Menningarnefnd fer fram á, sé þess kostur, að styrkþegar leyfi íbúum Sveitarfélagsins að njóta listar sinnar eða afraksturs verkefnisins a.m.k. einu sinni á því ári sem hann hlýtur styrkinn, bæjarfélaginu að kostnaðarlausu, t.d. með sýningar-, tónleika- eða fyrirlestrarhaldi. Menningarnefnd útvegar viðeigandi húsnæði ef þörf er á, styrkþega að kostnaðarlausu.
10. gr.  
Styrkveiting er bundin því skilyrði að þess sé getið eftir því sem kostur er, að Menningarsjóður Sveitarfélagsins Ölfuss hafi veitt styrk.